útað skipshliðinni og taka þar við skýrslu skipstjóra og láta þar í tje heilbrigðisvottorð; 18 26. febr.

að það varði ekki við lög, að bátur úr landi eða frá öðru skipi komi að aðkomuskipinu, áður en heilbrigðisvottorð er fengið, ef ekkert er aðgert frekara en að hafa tal af skipverjum, en

að það sje lögbrot, ef þeir, er á bátnum eru, hafa frekari viðskipti við skipverja, áður en heilbrigðisvottorð er fengið, og að þá eigi eptir atvikum að fara með bátinn sem aðkomuskip.

Brjef stjórnarráðsins *til beggja amtmannanna* **um sóttgæzlumenn.** 19 29. febr.

Að gefnu tilefni er hjer með bannað sóttgæzlumönnum að leysa skipstjóra á aðkomuskipi, nema brýna nauðsyn beri til, undan skyldu þeirri, er á þeim hvílir samkvæmt 7. gr. sóttvarnarlaganna frá 6. nóvbr. 1902, að ganga sjálfir á land og lýsa komu sinni.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, og eruð þjer jafnframt umbeðinn að brýna fyrir lögreglustjórum í ömtum yðar, að gæta þess að banni þessu sje hlýtt, og koma fram ábyrgð á hendur þeim, er útaf því kynni að bregða.

Reglugjörð

20 16. febr.

um

hafnsögu á Ísafirði.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 26, 3. okt. f. á., er hjermeð eptir tillögum bæjarstjórnarinnar á Ísafirði sett eptirfarandi reglugjörð fyrir hafnsögu í kaupstaðnum:

1. gr.

Á Ísafirði skal vera einn hafnsögumaður, er landsstjórnin skipar til þess eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar á Ísafirði. Landsstjórnin getur þó, ef bæjarstjórnin óskar þess, skipað einn hafnsögumann í viðbót.

Nú veikist eða deyr hafnsögumaður, og skal þá bæjarfógetinn á Ísafirði skipa einhvern mann til þess að gegna hafnsögumannsstörfum, til þess er landsstjórnin skipar nýjan hafnsögumann.

2. gr.

Sá, sem er skipaður hafnsögumaður, á að vera fullra 25 ára, laus við drykkjuskap, áreiðanlegur og góður verkmaður og einkum vel kunnugur innsiglingunni, svo og þekkja nokkuð til þess, hvernig stjórna skal skipi. Hafn-